




### Innlána safnið - fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




### Varfærna safnið - fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hófleg áhætta



### Áræðna safnið - fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 31.03.2019  
Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísibendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

### Orðsending fjárfestingaráðs:

Ávöxtun séreignasafna var með ágætum á fjórðungnum. Miklar lækkanir á erlendum mörkuðum í lok fjórða ársfjórðungs síðasta árs komu að stærstum hluta til baka í byrjun fyrsta ársfjórðungs þessa árs. Krónan byrjaði árið á því að veikjast um tæp 3% í janúar en styrktist aftur m.a. í tengslum við lækkun bindiskyldu á fjárfestingar erlendra aðila í skuldabréfum niður í 0% og mikil kaup erlendra aðila í Marel. Styrkingin gekk svo til baka þegar tilkynnt var um gjaldþrot WOW í lok mars. Veiking krónu á fjórðungnum var um 3,5% sem er minni veiking

en helstu greiningaraðilar áttu von á í ljósi stöðunnar. Vísitala hlutabréfa hækkaði um 14,3% á fjórðungnum sem skýrist af því að gengi hlutabréfa í Marel hækkaði um rúmlega 40% frá áramótum. Flest önnur hlutabréf hafa lækkað frá áramótum. Vísitala innlendra skuldabréfa hækkaði um 4,5% og voru það óverðtryggð bréf sem hækkuðu meira en verðtryggð. Skýringuna má rekja til lækunar bindiskyldu og væntinga markaðsaðila um vaxtalækun í kjölfar kjarasamninga og til þess að stöðja við hagkerfið vegna brotthvarfs WOW af markaði.